



Knattspyrnudeild Fylkis
Kjartan Daníelsson, formaður
Hörður Guðjónsson, framkvæmdastjóri

Reykjavík, 26. mars 2021

Úrskurður: Atvik í leik Víkings R. og Fylkis í 3. flokki karla þann 7. mars 2021

Á fundi Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 25. mars 2021, var tekið fyrir erindi sem framkvæmdastjóri KSÍ sendi til nefndarinnar með vísan til greinar 19.2. í lögum KSÍ og 6. greinar reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Erindið varðaði atvik er átti sér stað í leik Víkings R. og Fylkis þann 7. mars 2021. Erindið barst nefndinni þann 12. mars síðastliðinn og var þá ákveðið að gefa hlutaðeigandi aðilum kost á að skila skriflegri greinargerð um málið fyrir kl. 16:00 föstudaginn 19. mars.

Í samræmi við grein 6.2. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um önnur mál sem framkvæmdastjóri KSÍ eða aðrir, sem til þess hafa heimild, beina til nefndarinnar eða nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna knattspyrnuleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau.

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar 25. mars lá fyrir skrifleg greinargerð frá Fylki dags. 19. mars sl. Að henni virtri og öðrum fyrirliggjandi gögnum er það mat nefndarinnar að um sé að ræða alvarleg agabrot leikmanns Fylkis í leik Víkings R. og Fylkis þann 7. mars sl.

Hefur nefndin því ákveðið í ljósi alvarleika brotsins að úrskurða Viktor Mána Edwardsson, leikmann Fylkis, í tveggja leikja bann vegna atviksins í framangreindum leik, samkvæmt ákvæði 13.1.4. sömu reglugerðar. Leikbann Viktors Mána Edwardssonar tekur gildi við uppkvaðningu úrskurðar og bætist við eins leiks sjálfkrafa leikbann sem Viktor Máni hefur þegar tekið út vegna brottvísunar sem hann fékk í umræddum leik. Leikbann skal tekið út í keppnum á vegum KSÍ.

Loks telur aga- og úrskurðarnefnd KSÍ brýnt að ítreka það við liðsfélaga viðkomandi leikmanns og aðra þá sem skráðir voru á leikskýrslu sama félags í þessum leik að framkoma sem þessi er óviðunandi á knattspyrnuleikjum. Er þeim tilmælum beint til knattspyrnudeildar Fylkis að deildin taki þetta mál föstum tökum og að félagið leiti allra leiða til að koma í veg fyrir að atburðir, eins og þeim sem lýst er í skýrslu dómara í fyrrgreindum leik, endurtaki sig

Úrskurðarorð:

Viktor Máni Edwardsson skal sæta leikbanni í tvo leiki í keppnum á vegum KSÍ og tekur leikbann gildi við uppkvaðningu úrskurðar. Leikbann Viktors Mána Edwardssonar bætist við sjálfkrafa leikbann sem Viktor Máni hefur þegar tekið út vegna brottvísunar hans í leik Víkings R. og Fylkis í 3. flokki karla þann 7. mars 2021 .

Samkvæmt grein 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Virðingarfyllt,
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson